

**66. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 23. ágúst 2018 kl. 14:00 á skrifstofu SSS, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.**



**Mætt:** Kjartan Már Kjartansson, Fannar Jónasson, Magnús Stefánsson, Sigrún Ásta Elefsen, Berglind Kristinsdóttir, Ísak Ernir Kristinsson, Sigurgestur Guðlaugsson ásamt Eggerti Sólberg Jónssyni sem ritaði fundargerð.

Ásgeir Eiríksson og Brynhildur Kristjánsdóttir boðuðu forföll.

## Dagskrá:

- Stjórnin skiptir með sér verkum.*  
Sigurgestur Guðlaugsson kjörinn formaður stjórnar og Magnús Stefánsson varaformaður.
- Kynning í framhaldi af málþingi Vinnumálastofnunar. Gestur Hildur Jakobína Gísladóttir, forstöðumaður.*  
Á fundinn mætti Hildur Jakobína Gísladóttir, forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Suðurnesjum, og sagði frá niðurstöðum málþingsins „Sterkari saman“ sem að fram fór 10. nóvember 2017. Markmið málþingsins var að efla samstarf þjónustukerfanna á Suðurnesjum sem þjónusta m.a. ungt fólk og fólk með erlent ríkisfang.
- Afrit af bréfi til Atvinnu- og nýsköpunarráðherra. Sendandi Markaðsstofur landshlutanna.*  
Afrit af bréfi til Atvinnu- og nýsköpunarráðherra frá Markaðsstofum landshlutanna lagt fram.
- Samningur Markaðsstofu Reykjanes og Ferðamálastofu.*  
Samstarfssamningur um stoðkerfi ferðþjónustu á starfssvæði Markaðsstofu Reykjanes milli Markaðsstofu Reykjanes og Ferðamálastofu lagður fram. Formanni falið að undirrita samninginn.  
Markaðsstofa Reykjanes mun ekki fá verkefnastyrk til viðbótar samninginn líkt og aðrar markaðsstofur. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir rökstuðningi frá Ferðamálastofu og úthlutunarreglum sjóðsins.
- Atvinnuleysistöflur.*

<b>Atvinnuleysistöflur - Suðurnes, 1. júlí 2018</b>				
	<b>mar.18</b>	<b>júl.18</b>	<b>kvk.</b>	<b>kk.</b>
Heildarfjöldi:	441	435	205	230
Þar af í hlutastarfi:	0	0		
<b>Reykjanesbær</b>	338	331	147	184
<b>Sandgerði og Garður</b>	57	46	28	18
<b>Vogar</b>	19	26	13	13
<b>Grindavík</b>	27	32	17	15



		<b>Menntun</b>	
		Grunnskóli	264
		Framhald ýmisk.	43
<b>Lengd atvinnuleysis</b>		Iðnnám	31
0-6 mán (skammtíma)	229	Stúdent	41
6-12 mán (langtíma)	124	Háskóla	56
meira en ár (langtíma)	82	Alls	435
Alls	435	Alls	435

	júl.18
Atvinnulausir - allir	435
Íbúafj. 16-69 ára	17.768
Atvinnuþáttt. Hagst.	86,2
Áætlað vinnuafli	15.316
Áætlað atvinnuleysi	2,8%
Meðaltal atvinnuleysis	2,20%

6. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið 14.50.